

BYGGINGARLÝSING/GREINAGERÐ
Suðurhella 4, Matshluti 01. Landeignanúmer: L204734
Sótt er um að fá samþykkt atvinnuhúsnæði, sem hýsir geymslur og iðnað.
Stærð lóðar: 3790,6m². Stærð húss: 1212.8m² og 4705.7m3.
Nýtingarhlutfall: 1212.8/3790.6 = 0.32
BÍLASTÆÐI 43 TALSINS ÞAR AF TVÖ FYRIR HREYFIHAMLAÐA. KRAFA 42 BÍLASTÆÐI

Almenn lýsing á burðarkerfi:
Undirstöður og botnplata verða úr jámbentri steinsteypu. Meginburðargrind hússins verður úr stálgrind með innsteyptum festingum. Allar stálfestingar eru heitgalvaníseraðar. Allt milliburðarvirki, þakásar og annað er einnig úr stálgrind. Gerð og frágangur þaks og útveggja ásamt litavali:
Þak: Ofan á stálgrind í þaki koma 120 mm þykkar samlokueiningar og trapislaga form að ofanverðu. Litur ystu þakklæðningar er dökkgrár.
Útveggir: 120 mm þykkar samlokueiningar með steinullarkjarna.Litur ljósgrár.
Gluggar og gönguhurðir úr Ál. Í öllum gluggum verði tvöfalt k-gler (einangrunargler).

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi greinargerð brunavarna er frá Brunahönnun slf (mál nr. 25-152) í október 2025 fyrir Suðurhelli 4, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður b.

Flokkun og notkun byggingar
Húsið er í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða óskilgeindan iðnað/geymslur í 4 endabilum en geymslur í öðrum bilum sem eru 12 talsins. Í öllum öðrum bilum en endabilum er skilyrt að ekki verði iðnaðarstarsemi þar sem þaðan er einungis ein flóttaleið beint út.
Brunaálag er áætlað mest 800 MJ/m² í öllum rýmum. Ef forsendur breytast þarf að endurskoða brunavarnir.

Brunahólfun
Húsið er eitt meginbrunahólf, samtals um 1213 m² en skiptist upp í fjölmörg brunahólf. Hver starfseining er sér brunahólf. Endabil eru um 118 m² hvert. Geymslubil eru 58 m² hvert. Tæknirými er sér brunahólf.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60 (eldvarið stálvirki). Brunamótstaða aðalburðarvirkis þaks er a.m.k. R60 (eldvarið stálvirki).

Klæðningar
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501-1.
Um er að ræða steinullarsamlokueiningar í útveggjum og þaki.
Gólfefni eru í flokki Afl-s1.
Veðurkápa er í flokki A2,s1-d0.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Frá engum stað er lengra en 45 m í næsta í útgang sem er viðmið miðað við notkunarflokk 1. Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá endabilum fyrstu hæðar. Frá geymslum í öðrum bilum en endabilum er ein flóttaleið beint út. Hún mælist lengst um 28 metrar (14x2) sem er innan við 45 m viðmið skv. töflu 9.04 í byggingarreglugerð.
Flóttahurðir skulu að lágmarki vera hún og snerill.

Reykskynjarar
Reykskynjarar eru í húsinu, a.m.k. einn fyrir hverja 80 m². Í endabilum verða 2 reykskynjarar en a.m.k. einn í geymslubilum.

Loftræsikerfi
Ekki er reiknað með að loftræsikerfi fari á milli brunahófa.

Reyklosun
Reykræsing er almennt um vöruhurðir, glugga og hurðir.

Slökkvitæki
Handslökkvitæki eru sett upp skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu í tæknirými. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3-7. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Leiðar- og neyðarlýsing
Leiðar- og neyðarlýsing er í húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Neyðarlýsing skv. „opnum svæðum“ (0,5 lux) er í geymslum og endabilum, tæknirými og salernum fatlaðra. Leiðarljós verða við flóttahurðir í endabilum. Leiðarskilti (eftirlýst leiðarmerki) skulu vera frá geymslum í samræmi við ISO 16069.

Brunabéttingar
Brunabéttingar skulu uppfylla sömu kröfur og viðkomandi brunahólfandi veggir og vinnast af viðurkenndum aðilum.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma slökkviliðs er frá Suðurhelli og er góð hringinn í kringum húsið. Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 2000 L/mín. Sveitarfélagið þarf að tryggja umrætt slökkvivatn með brunahönum í nágrenni við bygginguna.


Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (handvirkum slökkvibúnaði og leiðar- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Suðurhelli 4, Hafnarfirði, sjá t.d. eldvarnarbandalagid.is.

Einangrun og U-gildi:
Sökkulveggir: 75 mm plast-einangrun,botnplata er óeinangruð. Í öllum gluggum er amk. tvöfalt k-gler.
Kólnunartölur W/(m2K): 18-20 gráður
Byggingin uppfylli kröfur um eftirfarandi gildi skv: byggingarreglugerð:
Þak 0.30w/m2k
Útveggir 0.40w/m2k
Gólf á fyllingu 0.30w/m2k
Útveggir vegið meðaltal 0.85w/m2k
Gerð innveggja og innihurða, hljóðeinangrun og brunavörn: Skilveggir verða úr 100mm þykkum steinullareiningum með Brunamótstöðu: EI60


Lagnaleiðir, upphitun og loftræsing:
Upphitun verður með gólfhitakerfi, innsteyp t í gólfplötu. Neysluvatnslagnir eru innsteyptar í gólfplötu og einnig í veggjum. Kalt vatn skal lagt undir botneinangrun.Viðeigandi búnaður skal settur upp við inntök til að koma í veg fyrir að hiti neysluvatns fari yfir 60°C á toppunarstað sé hitastig vatns við inntak hærra. Raflagnir eru ýmist innsteyptar í gólf og/eða utanáliggjandi á veggjum/lofti. Fram kemur á teikningum hvar niðurföll eru staðsett. Lagnaefni skal allt vera vottað af viðeigandi aðilum. Loftræsing skv. gr. 10.2.5. í byggingarreglugerð. Almenn loftræsing verður um opnanleg fög í gluggum.

Hljóðvístarkröfur:
Húsið heyrir undir og uppfyllir hljóvístarkröfuflokk C skv. ÍST 45: 2016.

Öryggisbúnaður:
Tæknibúnaður: Gert skal ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við bílastæði.
Frágangur lóðar: Lóð verður malbikuð með vatnshalla að niðurföllum.
Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna:
Sorphirðu er háttað samkvæmt reglum sveitarfélagsins hverju sinni.Sorpgerði er inn á lóð með aflokun sem uppfyllir EI60, sjá afstöðumynd. .Gert verður ráð fyrir olíuskilju fyrir viðeigandi notkunarstaði.




SUBURHELLA 4 - HAFNARFIRÐI		
AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING		
MKV: 1:500	DAGS:SEPT- 2025	A2
smari.bjornsson@gmail.com		SÍMI: 868 1300
Smári Björnsson kt.1002755899		




GRUNNMYND 1:100




SUDURHELLA 4 - HAFNARFIRÐI		
GRUNNMYND		
MKV: 1:100	DAGS:SEPT - 2025	A2
smari.bjornsson@gmail.com		SÍMI: 868 1300
Smári Björnsson kt.1002755899		




ÚTLIT SUÐUR




SNİÐ A-A 1:100



ÚTLIT AUSTUR 1:100



ÚTLIT VESTUR 1:100



ÚTLIT NORDUR

SUDURHELLA 4 - HAFNARFIRÐI		
ÚTLIT OG SNİÐ		
MKV: 1:100	DAGS: SEPT - 2025	A2
smari.bjornsson@gmail.com		SÍMI: 868 1300
Smári Björnsson kt.1002755899		

